

Tillaga

til aðalfundar Rauða krossins á Íslandi 4. maí 2024 um skiptingu sameiginlegra tekjustofna 2024-2025

1. Sameiginlegir tekjustofnar

Sameiginlegir tekjustofnar eru annars vegar **framlög Íslandsspila** til Rauða krossins á Íslandi og hins vegar hagnaður af framlögum **Mannvina**.

2. Skipting framlaga Íslandsspila

2.1. Skipting framlaga Íslandsspila árin 2024 og 2025 skal vera eftirfarandi:

- 3% fer til **Sjúkrabílasjóðs**.
- 15% fer til **deilda** og skiptist í samræmi við íbúafjölda. Þó skal framlag til einstakra deilda vera að lágmarki 500.000 krónur.
- 15% fer til **verkefnasjóðs**.
- 23% fer til **alþjóðlegs hjálparstarfs**.
- 44% fer til **landsskrifstofu** í innanlandsstarf og almennan rekstur

2.2. Deildir sem eiga uppsafnað fjármagn í árslok ársins á undan sem er hærra en fimmfalt margfeldi framlaga Íslandsspila ársins á undan fá ekki greiddar kassatekjur skv. 2.1.b. hér að ofan. Þeirra framlag rennur í verkefnasjóð. Uppsafnað fjármagn er reiknað sem hér segir: Allt fé á **bankareikningi** og í **sjóði** að viðbættri allri **verðbréfaeign**, jafnt skammtíma sem langtímaverðbréfum að viðbættum **skammtímakröfum** og að frádregnum **skammtímaskuldum**

3. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina

Hagnaður af framlögum Mannvina reiknast sem allar greiðslur frá Mannvinum að frádregnum öllum kostnaði við þá fjáröflun þ.m.t. söfnun, innheimtu og umsýslu með fjáröfluninni. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina árin 2024 og 2025 skal vera eftirfarandi:

- 10% fer til verkefnasjóðs
- 45% fer til innanlandsstarfs landsskrifstofu
- 45% fer til alþjóðlegs hjálparstarfs